

## 13. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig, að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlögum afborgunum á næstu 4 árum.

Ársvextir skulu vera hinir sömu og vextir af lánum Bygðasjóðs (B-lán) til sömu framkvæmda. Vextirnir greiðast árlega eftir á. Gjaldþagi vaxta og afborgana er 1. júlí ár hvert.

## 14. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. gr. og 4. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50%, án frekari staðfestingar ráðuneytis.

## 15. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjárhæðar eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps Suður-Múlasýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um gatnagerðargjöld við byggðar götur á Stöðvarfirði nr. 142 22. mars 1978.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1983.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. Leggja ber ökutækjum við vinstri brún Túngötu, miðað við akstursstefnu, og er óheimilt að leggja ökutækjum við hægri brún sömu götu, sbr. 3. mgr. 51. gr. umferðalaga.
2. Gilsbakki njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi hliðargötum, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar taki þegar gildi.

*Lögreglustjórnin á Seyðisfirði, 1. nóvember 1983.*

**Sveinbjörn Sveinbjörnsson, ftr.**